

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2011

2012/EES/15/25

frá 2. desember 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 720/2011 frá 22. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 um viðbót við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningssflugi að því er varðar að koma á skimun vökva, úðaefna og gels í áföngum á flugvöllum í Evrópusambandinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66ha (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 0720**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 720/2011 frá 22. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2011, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 720/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 85, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 193, 23.7.2011, bls. 19.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.